

ABC barnahjálp á Íslandi
Ársreikningur
2017

ABC barnahjálp á Íslandi
Víkurbær 2
203 Kópavogur
Kt. 690688-1589

Efnisyfirlit

Skýrsla og áritun stjórnar	3
Áritun óháðs endurskoðanda	4
Rekstrarreikningur	6
Efnahagsreikningur	7
Sjóðstreymisyfirlit	8
Skýringar	9

Skýrsla og áritun stjórnar

Starfsemi ABC barnahjálpar á Íslandi var með svipuðu sniði árið 2017 og undanfarin ár. Framlög til hjálparstarfa skv. skipulagsskrá nema 175,3 millj. kr. miðað við 190,0 millj. kr. á árinu áður.

Þann 1.1.2017 var starfsemi Vínafélags ABC færð inn í rekstur ABC barnahjálpar á Íslandi.


Yfirlýsing stjórnar

Samkvæmt bestu vitneskju stjórnar er ársreikningur ABC barnahjálpar á Íslandi í samræmi við lög um ársreikninga og er það álit stjórnar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af eignum, skuldum og fjárhagsstöðu 31. desember 2017 og rekstrarafkomu ABC barnahjálpar á Íslandi og breytingu á handbæru fé á árinu 2017.

Stjórn ABC barnahjálpar á Íslandi hefur í dag rætt ársreikning félagsins fyrir árið 2017 og staðfest hann með undirritun sinni.

Reykjavík, 21. maí 2018.

Í stjórn hjálparstarfsins:



Handwritten signatures of the board members of ABC Child Aid Iceland, including names like Jónína Jónsdóttir, Magnús Ólafsson, and others.

Áritun óháðs endurskoðanda

Til stjórnar ABC barnahjálpar á Íslandi

Áritun um endurskoðun ársreikningsins

Álit

Við höfum endurskoðað ársreikning ABC barnahjálpar á Íslandi („félagið“) fyrir árið 2017. Ársreikningurinn hefur að geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning, sjóðstreymisýfirlit, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af fjárhagsstöðu félagsins 31. desember 2017 og afkomu þess og breytingu á handbæru fé á árinu 2017, í samræmi við lög um ársreikninga.

Grundvöllur álits

Við endurskoðuðum í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt stöðlunum er lýst frekar í kaflanum *Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins* í árituninni. Við erum óháð félaginu í samræmi við siðareglur fyrir endurskoðendur á Íslandi og höfum uppfyllt aðrar siðferðisskyldur okkar í samræmi við þær reglur. Við teljum að við höfum aflað nægilegra og viðeigandi endurskoðunargagna til að byggja álit okkar á.

Ábyrgð stjórnar og framkvæmdastjóra á ársreikningnum

Stjórn og framkvæmdastjóri eru ábyrg fyrir gerð og glöggri framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga og fyrir því innra eftirliti sem þau telja nauðsynlegt til að gera þeim kleift að setja fram ársreikning sem er án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð ársreikningsins ber stjórn og framkvæmastjóra að leggja mat á rekstrarhæfi félagsins og upplýsa, eftir því sem við á, um þætti er varða rekstrarhæfi og miða grundvöll reikningsskilanna við áframhaldandi rekstrarhæfi, nema þau ætli annað hvort að leysa félagið upp eða hætta starfsemi þess, eða hafa engan annan raunhæfan kost en að gera það.

Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins

Markmið okkar eru að öðlast hæfilega vissu um hvort ársreikningurinn í heild sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka, og að gefa út áritun endurskoðanda sem inniheldur álit okkar. Í hæfilegri vissu felst áreiðanleiki en ekki trygging fyrir því að endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla muni alltaf leiða í ljós verulega annmarka ef þeir eru fyrir hendi. Annmarkar geta komið fram vegna sviksemi eða mistaka og eru taldir verulegir ef þeir einir og sér eða samanlagt gætu haft áhrif á efnahagslegar ákvarðanir sem notendur ársreikningsins taka á grundvelli hans.

Við endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla beitum við ávallt faglegri dómgreind og viðhöfum faglega gagnrýni. Að auki:

- Greinum við og metum hættu á verulegri skekkju í ársreikningnum, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka, skipuleggjum og framkvæmum endurskoðunaraðgerðir til að bregðast við þeirri hættu og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að byggja álit okkar á. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka, þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, fölsun, að einhverju sé viljandi sleppt, villandi framsetningu eða að farið sé framhá innra eftirliti.
- Öflum við skilnings á innra eftirliti, sem varðar endurskoðunina, til að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki til að veita álit á virkni innra eftirlits félagsins.
- Metum við hvort reikningsskilaaðferðir og reikningshaldslegt mat stjórnenda og tengdar skýringar séu viðeigandi.

Áritun óháðs endurskoðanda, frh.:

Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins, frh.:

Ályktum við um hvort notkun stjórnar og forstjóra á forsendu reikningsskilanna um rekstrarhæfi sé viðeigandi og metum, á grundvelli endurskoðunarinnar, hvort aðstæður séu til staðar sem valdið gætu verulegum vafa um rekstrarhæfi félagsins. Ef við teljum að verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi ber okkur, í áritun okkar, að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum ársreikningsins eða, ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi, að víkja frá fyrirvaralausri áritun. Niðurstaða okkar byggir á endurskoðunargögnum sem aflað er fram að dagsetningu áritunar okkar. Samt sem áður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni gert félagið órekstrarhæft.

- Metum við framsetningu, uppbyggingu og innihald ársreikningsins í heild, að meðtöldum skýringum, og hvort ársreikningurinn gefi glögga mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum.

Við upplýsum stjórn og endurskoðunarnefnd meðal annars um áætlað umfang og tímasetningar endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem upp kunna að koma í endurskoðun okkar, þar á meðal verulega annmarka á innra eftirliti.

Staðfesting vegna annarra ákvæða laga

Í samræmi við ákvæði 2. mgr. 104 gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga staðfestum við samkvæmt okkar bestu vitund að í skýrslu stjórnar sem fylgir þessum ársreikningi eru veittar þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga og koma ekki fram í skýringum.

Reykjavík, 21. maí 2018.

KPMG ehf.



Rekstrarreikningur ársins 2017

	Skýr.	2017	2016
Rekstrartekjur			
Gjafir og áheit	4	178.346.138	177.142.192
Söfnunarfé: Börn hjálpa börnum og aðrar safnanir	4	7.982.517	8.049.224
Vörusala nytjamarkaðar		35.686.629	0
Framlag frá Vinafélagi ABC		356.700	9.275.462
Önnur framlög og styrkir	5	62.764.966	68.159.326
		<u>285.136.950</u>	<u>262.626.204</u>
Rekstrargjöld			
Laun og launatengd gjöld	6	48.861.800	33.347.074
Sent til hjálparstarfa skv. skipulagsskrá	7	175.325.723	190.012.051
Annar rekstrarkostnaður	8	39.351.865	30.218.466
Afskriftir	9	998.053	606.000
		<u>264.537.441</u>	<u>254.183.591</u>
Rekstarhagnaður án fjármunatekna og fjármagnsgjalda		20.599.509	8.442.613
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)			
Vaxtatekjur		483.843	374.201
Vaxtagjöld	(184.475)	(636.528)
Gengismunur	(591.889)	1.516.732
		<u>(292.521)</u>	<u>1.254.405</u>
Hagnaður ársins	10	<u>20.306.988</u>	<u>9.697.018</u>

Efnahagsreikningur 31. desember 2017

	Skýr.	2017	2016
Eignir			
Hugbúnaður		1.778.360	1.488.000
Bifreið		2.204.432	330.000
Fastafjármunir samtals	9	<u>3.982.792</u>	<u>1.818.000</u>
Vörubirgðir		545.120	0
Viðskiptakröfur		8.317.636	8.490.345
Krafa á tengt félag		0	2.736.846
Handbært fé		21.917.570	1.086.679
Veltufjármunir samtals		<u>30.780.326</u>	<u>12.313.870</u>
Eignir samtals		<u><u>34.763.118</u></u>	<u><u>14.131.870</u></u>
Eigið fé			
Óráðstafað eigið fé	10	<u>29.993.746</u>	<u>9.686.758</u>
Eigið fé samtals		<u>29.993.746</u>	<u>9.686.758</u>
Skammtímaskuldir			
Skuld við lánastofnun		1.328.589	1.318.168
Viðskiptaskuldir		1.627.292	1.947.066
Ógreidd launatengd gjöld		1.813.491	1.179.878
Skuldir samtals		<u>4.769.372</u>	<u>4.445.112</u>
Eigið fé og skuldir samtals		<u><u>34.763.118</u></u>	<u><u>14.131.870</u></u>

Skýringar

Reikningsskilaaðferðir

1. Grundvöllur reikningsskilanna

Ársreikningur ABC barnahjálpar á Íslandi er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga og samstæðureikninga. Ársreikningurinn byggir á kostnaðarverðisreikningsskilum og er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður.

2. Varanlegir rekstrarfjármunir

Varanlegir rekstrarfjármunir eru færðir til eignar á kostnaðarverði að frádrögnum afskriftum. Afskriftir eru reiknaðar sem fastur hundraðshluti miðað við áætlaðan nýtingartíma rekstrarfjármuna, þar til 10% niðurlagsverði er náð.

3. Handbært fé

Sjóður og bankainnstæður teljast til handbærs fjár.

4. Gjafir, áheiti og söfnunarfé börn hjálpa börnum

Gjafir, áheiti og söfnunarfé sem safnast á árinu til hjálparstarfa greinist þannig:

	2017	2016
Gjafir og áheiti	178.346.138	177.142.192
Söfnunarfé: Börn hjálpa börnum og aðrar safnanir	7.982.517	8.049.224
Sent til hjálparstarfa skv. skipulagskrá sjá nánar skýringu nr. 7	(175.325.723)	(190.012.051)
	<u>11.002.932</u>	<u>(4.820.635)</u>

5. Önnur framlög og styrkir

Önnur framlög og styrkir greinist þannig:

Neyðarsjóður	36.094.101	32.385.883
Rekstrarsjóður, auglýsingar vegna ABC blaðið og önnur framlög	20.772.141	28.737.161
Baukar	5.898.724	7.036.282
	<u>62.764.966</u>	<u>68.159.326</u>

6. Laun og launatengd gjöld

Laun og launatengd gjöld greinast þannig:

Laun	40.602.879	27.845.121
Lífeyrissjóður	4.150.514	2.623.461
Tryggingagjald	3.062.750	2.179.301
Önnur launatengd gjöld	657.752	490.937
Dagpeningar	387.905	208.254
	<u>48.861.800</u>	<u>33.347.074</u>

Meðalfjöldi starfsmanna á árinu umreiknaður í heilsársstörf

	8	5
--	---	---

Í ársbyrjun var rekstur Nytjamarkaðar Vínafélags ABC færður inn í ABC Barnahjálpar á Íslandi sem skýrir að mestu hækkun launakostnaðar á árinu þar sem þrír starfsmenn Vínafélagsins urðu starfsmenn ABC Barnahjálpar á Íslandi.

Skýringar, frh.:

7. Sent til hjálparstarfa skv. skipulagsskrá

Sent til hjálparstarfa skv. skipulagsskrá greinist þannig:	2017	2016
Sent til ABC barnahjálpar í Kenýa	39.176.735	43.695.434
Sent til ABC barnahjálpar í Úganda	38.679.790	38.925.373
Sent til ABC barnahjálpar í Pakistan	34.347.402	38.708.736
Sent til ABC barnahjálpar í Burkina Faso	25.854.642	20.602.074
Sent til ABC barnahjálpar á Filippseyjum	12.065.311	9.183.894
Sent til Reach / Heimilis litlu ljósanna á Indlandi	11.885.529	31.895.752
Sent til Norrænu barnahjálparinnar vegna vettvangsþjónustu og eftirlits	8.743.163	3.287.311
Sent til Comforter Ministries á Indlandi	3.421.151	3.387.187
Fræðsla til barna á Íslandi	1.152.000	326.290
	<u>175.325.723</u>	<u>190.012.051</u>

8. Annar rekstrarkostnaður

Annar rekstrarkostnaður greinist þannig:

Húsaleiga	14.054.514	2.185.082
Auglýsinga og kynningarmál	5.837.786	6.423.893
Þóknun vegna greiðslukorta og þjónustugjöld	5.241.341	5.099.553
Skrifstofukostnaður	4.155.320	2.843.935
Tölvukostnaður	3.763.804	6.564.854
Ferðakostnaður og vettfangsþjónusta	2.001.649	3.921.334
Húsnæðiskostnaður	1.768.876	498.044
Aðkeypt þjónusta	1.241.986	833.412
Gjafir og framlög	432.634	1.445.500
Tryggingar	124.475	0
Námskeið	116.000	104.000
Ýmis gjöld	613.480	298.859
	<u>39.351.865</u>	<u>30.218.466</u>

Í ársbyrjun var rekstur Nytjamarkaðar Vínafélags ABC færður inn í ABC Barnahjálpar á Íslandi sem skýrir umtalsverðar hækkunir nokkra liða annars rekstrarkostnaðar á árinu svo sem húsaleigu og húsnæðiskostnað.

9. Varanlegir rekstrarfjármunir

Varanlegir rekstrarfjármunir greinast þannig.	Hugbúnaður	Bifreið	Samtals
Heildarverð 1.1.2017	2.480.000	550.000	3.030.000
Afskrifað 1.1.2017	(992.000)	(220.000)	(1.212.000)
Bókfært verð 1.1.2017	1.488.000	330.000	1.818.000
Viðbætur ársins	813.476	2.449.369	3.262.845
Selt á árinu	0	(100.000)	(100.000)
Afskrifað á árinu	(523.116)	(474.937)	(998.053)
Bókfært verð 31.12.2017	<u>1.778.360</u>	<u>2.204.432</u>	<u>3.982.792</u>
Heildarverð 31.12.2017	3.293.476	2.449.369	5.742.845
Afskrifað samtals 31.12.2017	(1.515.116)	(244.937)	(1.760.053)
Bókfært verð 31.12.2017	<u>1.778.360</u>	<u>2.204.432</u>	<u>3.982.792</u>

Skýringar, frh.:

10. Eigið fé

Óráðstafað eigið fé greinist þannig:

	2017	2016
Eigið fé 1.1.	9.686.758	(10.260)
Hagnaður ársins	20.306.988	9.697.018
Eigið fé 31.12.	<u>29.993.746</u>	<u>9.686.758</u>

Að tilmælum Þróunar og Samvinnustofnunar hefur félagið lagt til hliðar 12 millj.kr. á meðal handbærs fjár eru 12 millj. kr sem hugsað er sem varasjóður.